

Öryggi fjöldans og slys á gangandi og hjólandi vegfarendum - samband milli fjölda vegfarenda og fjölda slysa. Höskuldur Kröyer, Trafikon ab - 2019.

Í rannsóknaverkefningu sem skýrslan fjallar um er varpað fram spurningunni um samband fjölda gangandi og hjólandi annas vegar og fjölda slysa hins vegar. Er sambandið ólínulegt og þá af hverju og hvaða áhrif hefur það á sýn okkar varðandi umferðaröryggisáhrif af því að fjölga gangandi og hjólandi vegfarendum? Reynt er að svara þessum spurningum út frá fræðilegri samantekt á ýmsum rannsóknum sem gerðar hafa verið um málefnið, en einnig með rýni í gögn. Tilfni verkefnisins er að aukning hefur orðið á fjölda þeirra sem hjóla innan Reykjavíkur á undanförunum árum. Auk þess er stefnt að því að fjölga þeim sem ganga og hjóla enn meira á komandi árum.

Fram kemur að rannsóknir sýna að því fleiri sem nota viðkomandi ferðamáta (t.d. ganga eða hjóla), því fleiri slys tengjast ferðamátanum. Hins vegar sýna rannsóknir einnig að á stöðum þar sem til dæmis er mikið um gangandi og/eða hjólandi vegfarendur séu hlutfallslega færri slys á hvern vegfaranda samanborið við staði þar sem þessir hópar eru sjaldgæfari. Þetta er oft nefnt „öryggi fjöldans“ (e. safety in numbers).

Greint er ítarlega frá ýmsum rannsóknum um þetta mál í skýrslunni. Meðal annars fjallað um tölfræði slysa á Íslandi, en í því sambandi er rætt um vanskráningu. Til dæmis eru „einslys“ á gangandi vegfarendum ekki skráð í slysaáskráningu og „einslys“ hjólandi eru líklega töluvert vanskráð. Þetta kann að skekkja myndina þegar ferðamátar eru bornir saman. Fram kemur að á árunum 2014-2018 voru skráðir 968 árekstrar þar sem ekið var á gangandi eða hjólandi vegfaranda, þar af 170 þar sem um var að ræða alvarlegt slys eða banaslys. Gera má ráð fyrir að síðari talan sé nálægt lagi, en að nokkur vanskráning sé annars.

Þá er líka fjallað ítarlega um mögulegar orsakir „öryggi fjöldans“ auk óvissu og gæða gagna sem lögð eru til grundvallar þegar það er metið. Fram kemur að það sem getur haft áhrif er aðlögun hegðunar, lærdómur/reynsla vegfarenda og gæði inniviða og þjónustustig, en allt þetta kann að aukast eða batna þegar fleiri nota viðkomandi samgöngumáta, sem svo leiðir til að hlutfallslega færri lenda í slysum.

Í ályktunarkafla skýrslunnar kemur meðal annars fram að aukin hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda í Reykjavík muni líklega fjölga slysum í þeim hópum, sé annað óbreytt. Aukningin mun þó líklega ekki verða hlutfallslega jafn mikil og fjölgun vegfarenda í hópunum. Einnig er bent á að vinna má gegn fjölgun alvarlegra slysa til dæmis með því að bæta aðstæður. Að lokum er nefnt að til að fá betri mynd af þessu ætti að skoða vægi vanskráninga slysa á Íslandi og einnig að skoða möguleika á að gera slysalíkan út frá íslenskum gögnum.